

168 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 1 júní 2022 kl.09.30 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi og á Teams.

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Bára Daðadóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Davíð Sigurðsson, Sif Matthíasdóttir, Jósef Kjartansson og Atli Svansson sátu fundinn í Borgarnesi. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Björn Hilmarsson og Jakob B. Jakobsson voru á Teams. Einar Brandsson og Brynja Þorbjörnsdóttir boðuðu forföll, en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að mæta. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð.

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.30

1. Fundargerð 167 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 167 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Aukaaðalfundur SSV

Aukaaðalfundur SSV mun fara fram miðvikudaginn 22 júní n.k. á Hótel Hamri í Borgarnesi. Auk þess mun Heilbrigðisnefnd Vesturlands halda sinn fund sama dag á sama stað. Lögð fram tillaga að dagskrá fundarins. Stjórn samþykkti tillöguna.

3. Skipan kjörnefndar

Lögð fram tillaga að skipan kjörnefndar fyrir aukaaðalfund SSV. Samþykkt að skipa þrjá fulltrúa í kjörnefnd. Kristinn Jónasson sem jafnframt verður formaður, Steinar Adolfsson og Guðveig Eyglóardóttir.

4. Haustþing SSV 2022

Lögð fram tillaga að dagskrá og tímasetning fyrir Haustþing SSV 2022. Stjórn samþykkti að þingið fari fram dagana 22 og 23 september n.k. Þema þingsins verða samskipti ríkis og sveitarfélaga.

5. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands

Áhersluverkefni fyrir Sóknaráætlun Vesturlands árið 2022 hafa verið samþykkt af stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál. Rætt um framkvæmd verkefnanna.

6. Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Uppbyggingarsjóður Vesturlands auglýsti eftir umsóknum um nýsköpunarstyrki nýverið. Framkvæmdastjóri kynnti þær umsóknir sem hlutu styrki, en úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs samþykkti á fundi sínum 20 maí s.l. að veita kr.17.240.000 til 15 verkefna.

7. Nýsköpunarnet Vesturlands

Lögð fram fundargerð frá stofnfundi NýVest-Nýsköpunarnets Vesturlands, en stofnfundurinn fór fram á Akranesi 6 apríl s.l. Lilja B. Ágústsdóttir er fulltrúi SSV í stjórn NýVest.

8. Gleipnir, nýsköpunar- og þróunarsetur.

Lögð fram fundargerð frá stofnfundi Gleipnis- nýsköpunar- og þróunarseturs. Stofnfundurinn fór fram á Bifröst 10 maí s.l. Páll S. Brynjarsson er fulltrúi SSV í stjórn Gleipnis.

9. Samgöngumál

Kynntar bókanir frá Grundarfjarðarbæ og Dalabyggð um samgöngu- og innviðamál.

Í bókun Grundarfjarðarbæjar er farið yfir þá knýjandi þörf sem er orðin á viðhaldi á þjóðvegi 54 Snæfellsnessvegi og þjóðvegi 56 um Vatnaleið. Stjórn SSV áréttar því ályktun Haustþings 2021 en þar segir

„ Mikilvægt er að nú þegar verði farið í viðhaldsverkefni við þjóðveg 54 á Snæfellsnesi. Ástand þjóðveggar 54, frá Borgarnesi, um Mýrar og vestur eftir Snæfellsnesi, er mjög bágborið. Sig og frostsKemmdir hafa gert veginn ósléttan yfirferðar, vegkantar eru víða brotnir og hafa gefið eftir á löngum köflum og vestan Vegamóta er vegurinn of mjór. Á kafla vestan þéttbýlis Grundarfjarðar eru vegkantar einnig lélegir og þarfnast styrkingar. Sama á við um þjóðveg 56 um Vatnaleið og þjóðveg 58, Stykkishólmsveg. Sömuleiðis er mjög brýnt að fara í viðhald á Vestfjarðavegi í mið Dölum. Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að auka framlög til Vegagerðarinnar, ekki síst til almenns viðhalds. Þó nýjar vegaframkvæmdir séu af hinu góða, þá má ekki gleymast að sinna viðhaldi eldri vega þannig að sú fjárfesting skili arðsemi, geti þjónað hlutverki sínu og öryggi vegfarenda sé tryggt. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til vetrarþjónustu.“

Í bókun Dalabyggðar er farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við tengivegi í Gilsfirði. Stjórn SSV tekur undir þær áherslur sem þar koma fram og bókar eftirfarandi;

„Stjórn SSV tekur undir að það er ánægjulegt að fara eigi í framkvæmdir við tengivegi í Gilsfirði. Það er hins vegar mjög brýnt þegar farið er í framkvæmdir utan áætlana sé fjármagni veitt sérstaklega til þeirra verkefna. Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa lagt mikla vinnu í sameiginlega stefnumótun og forgangsröðun framkvæmda sem birtist í samgöngu- og innviðaaætlun Vesturlands. Þar hefur náðst góð sátt um forgangsröðun við uppbyggingu tengivega sem unnin var með hliðsjón af áherslum Vegagerðarinnar. Þar er m.a. skýr tillaga um uppbyggingu tengivega í Dalabyggð. Takmörkuðum fjármunum er veitt til tengivega á hverju ári og því er nauðsynlegt að nýjum framkvæmdum sem eru utan áætlana Vegagerðarinnar fylgi sérstök fjárveiting.“

10. Bréf frá dómsmálaráðherra varðandi embætti sýslumanna

Lagt fram bréf frá dómsmálaráðherra vegna fyrirhugaðra breytinga á embættum sýslumanna. „Stjórn lýsir yfir efasemdum varðandi fyrirhugaðar breytingar. Sýslumannsembættin eru mjög mikilvægar þjónustustofnanir í héraði og mörg þeirra verkefna sem þær sinna er erfitt að leysa með rafrænum hætti. Því miður er reynslan sú að þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi sýslumannsembætta undanfarin ár hafa dregið úr þjónustu við íbúa í sumum sveitarfélögum á Vesturlandi. Ef ráðast eigi í breytingar er nauðsynlegt að þær tryggi að þjónusta við íbúa verði eflt. Stjórn SSV óskar því eftir frekari kynningu og rökstuðningi fyrir fyrirhuguðum breytingum á embættum sýslumanna.“

11. Endurnýjun á bifreið SSV

Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild stjórnar til þess að endurnýja bíll sem notaður er af framkvæmdastjóra og starfsfólki SSV. Í dag hefur starfsfólk afnot af Skoda Oktavia árgerð 2014. Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að kaupa nýjan bíl fyrir skrifstofu SSV og selja bifreiðina BP-H75.

12. Umsagnarbeiðnir

SSV hefur borist beiðni frá alþingi um að veita umsagnir um eftirtaldar lagabreytingar og þingsályktanir.

- Byggðaáætlun <https://www.althingi.is/altext/152/s/0799.html>
- Skipulagslög (Uppbygging innviða) <https://www.althingi.is/altext/152/s/0812.html>

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að skrifa umsögn um Byggðaáætlun.

13. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um að endurskoða starfsmannastefnu SSV, auk þess sem rætt var um starfslok starfsmanna þegar þeir hætta sökum aldurs. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að þessum verkefnum.

14. Framlögð mál

- Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
<https://www.sass.is/581-fundur-stjornar-sass/>
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerd-stjorn-ssne-37-fundur-27-april-2022>
- Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð frá Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál

Fundi slitið kl. 11.38